

Framkvæmdaáætlun 2014

Fjárheimild til framkvæmda er 857 m.kr. .

Umhverfi og götur

- Hafin verður vinna við gerð Ásvallabrautar sem tengir saman Ásland og Velli.
- Haldið verður áfram við að steypa stéttir á uppbyggingarsvæðum á Völlum og Áslandi.
- Unnið verður í frekari frágangi á Norðurbakkanum.
- Gerð verða leiksvæði á Völlum og í Áslandi 3.
- Haldið verður áfram gerð hjólreiðastíga við stofnbrautir í bænum í samvinu við Vegagerðina.
- Gróður verður settur í manir við Velli .
- Stækkun kirkjugarðsins á Öldum undirbúin í samvinnu við stjórn kirkjugarðsins.
- Hafin verður skipulagning á stíg með Kaldárselsveg til tengingar við upplandið.
- Unnið verður að merkingum á iðnaðarhverfunum.
- Biðskýlum verður fjölgað, sem og bekkjum og tunnum.
- Hjólaskýli verður sett upp í miðbæ.
- Endurnýjuð verða ljós á Hraunbrún/Reykjavíkurvegi og gönguljós á Hjallabraut.
- Sett verða upp ný gönguljós við Fjarðarhraun í samvinnu við Vegagerðina.
- Endurnýjaðir verða tveir flokkabílar í þjónustumiðstöðinni en þeir eru komnir vel til ára sinna
- Skautasvell í miðbæ

Fasteignir

- Hafin verður viðbygging við Áslandsskóla, fjórar heimastofur og íþróttahús. Stefnt á að taka heimastofurnar í notkun á árinu.
- Frjálsíþróttahús í Kaplakrika, sett verður gólfefni í húsið og farið í þær aðgerðir sem þarf til að starfsemi hefjist í húsinu.
- Lokið verður við hönnun Hjúkrunarheimilis í Skarðshlíð og framkvæmdir hafnar.
- Færanlegar stofur verða settar við Hamravelli.
- Farið verður í breytingar á Dvergsreitnum.
- Hönnun vegna leikskóla við Bjarkavelli verður rýnd.

Veitur

- Endurgerð heimæða Vatnsveitu og Fráveitu.
- Lokafrágangur miðlunargeymis við Kaldársel.
- Farið í framkvæmdir í tengslum við miðlunargeymi.
- Tölvukerfi/kerfiráður Veitna verður endurnýjaður.
- Farið verður í endurnýjun búnaðar í stjórnstöð í Kaldárbotnum